

88

Um sólarupprás ævi þinnar

1. Um sól - ar - upp - rás æv - i þinn - ar þig árl - a kall - ar Drott-inn þinn, í
 2. Um þriðj - u stund - u þig hann kveð - ur er þinn - ar æsk - u sól - in skín, þá
 3. Um sjött - u stund til starfs hann kveð - ur er starf hans rík - is geng - ur tregt, þú
 4. Um hinst - u stund - u hann þig kall - ar er hnig - in senn er æv - i - sól, þá

ár - dögg skærr - i skírn - ar - inn - ar hann skír - ir þig sem verk-mann sinn og
 feg - urð lífs og glys þig gleð - ur ei gleym að Drott-inn sér til þín, í
 hef - ur mik - ið hönd - um með - ur en heyr þú: Eitt er nauð - syn - legt, að
 deg - i lífs að hóm - i hall - ar er hálf-gjört enn það Guð þér fól. Þar

víg - ir þig til vín - garðs-manns að vinn - a fyr - ir rík - ið hans.
 vín - garð sinn hann vís - ar þér að vinn - a með - an dag - ur er.
 höndl - a dýrð - ar hnoss - ið það sem hef - ur Guð þér á - kvarð - að.
 til hin hinst - a dags-brún deyr í Drott-ins nafn - i vinn þú meir.

5. Og þegar síðast kvöldið kemur
 hann kallar sérhvern verkmann heim,
 hann geldur engum öðrum fremur
 en öllum saman gefur þeim.
 Ó, met sem gjöf en gjald ei það
 sem Guðs son hefur verðskuldað.